



14. ágúst 2020
2004095

Fjármála- og áhættustýringarsvið Reykjavíkurborgar
bt. Halldóru Káradóttur
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Efni: Fyrirspurn um hæfi skuldabréfaflokka Reykjavíkurborgar til tryggingar í viðskiptum við Seðlabanka Íslands

Vísað er til bréfs frá fjármála- og áhættustýringarsviði Reykjavíkurborgar, dags. 20. apríl 2020, þar sem þess er farið á leit við Seðlabanka Íslands að hann meti tvo flokka skuldabréfa, RVKN 35 1 og RVK 32 1, sem gefnir eru út af Reykjavíkurborg og skráðir eru í Kauphöll, hæfa til tryggingar í viðskiptum við Seðlabanka Íslands. Jafnframt er vísað til svars Seðlabankans dags. 19. júlí 2019 við fyrirspurn Reykjavíkurborgar dags. 4. júlí 2019.

Allt frá því að reglur nr. 553/2009 um viðskipti fjármálafyrirtækja við Seðlabanka Íslands voru gefnar út hefur verið heimilt að samþykkja einstaka skuldabréfaflokka útgefna af Reykjavíkurborg hæfa til tryggingar í viðskiptum við bankann. Síðari breytingar á reglunum hafa ekki breytt því, sbr. nú 7. tölul. 1. mgr. 10. gr. reglna nr. 1200/2019.


Seðlabankinn leggur sjálfstætt mat á útgefendur skuldabréfa og útgáfunar sjálfar, sbr. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 92/2019 um Seðlabanka Íslands, sbr. og 5. mgr. 11. gr. reglna nr. 1200/2019. Þetta er gert til þess að tryggja hagsmuni bankans, og þar með opinbera hagsmuni, komi til greiðslufalls hjá mótaðilum hans. Seðlabankanum er hvenær sem er heimilt að breyta reglum um viðskipti fjármálafyrirtækja við Seðlabankann og forsendum lánveitinga, t.d. með því að breyta reglum um frádrag.

Mat á því hvaða skuldabréf skuli teljast veðhæf í viðskiptum við Seðlabankann er endurskoðað reglulega og tekur breytingum eftir því sem bankinn telur tilefni til með hliðsjón af meginviðfangsefnum sínum að stuðla að stöðugu verðlagi, fjármálastöðugleika og traustri og öruggri fjármálastarfsemi. Út frá því fyrst fremst metur Seðlabankinn hvaða flokkar skuldabréfa teljast veðhæfir hverju sinni og lista yfir þá má sjá á heimasíðu bankans. Umræddum flokkum Reykjavíkurborgar verður bætt við listann á næstu dögum. Í þessu samhengi er þó vert að taka fram


að útgefendum skuldabréfa hefur almennt hvorki verið tilkynnt sérstaklega um að skuldabréf þeirra hafi verið metin hæf sem veð í viðskiptum við Seðlabankann né að skuldabréf þeirra hafi verið tekin af lista yfir veðhæf bréf.

Seðlabanki Íslands biðst velvirðingar á hve lengi dróst að svara bréfi Reykjavíkurborgar.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS



Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri



Gerður Ísberg
forstöðumaður miðvinnslu
markaðsviðskipti